

Akranes 29. 11. 1998.

Nefndarsvið Alþingis,  
B.t. Áslaugar Árnadóttur,  
Þórshamri v/Templarasund,  
150 Reykjavík.

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 123/331*  
*komudagur 27.11.198*

Með bréfi dags. 23. október sl. sendi Allsherjarnefnd Alþingis Sýslumannafélagi Íslands til umsagnar frumvarp til laga um réttarfarsdómstól, 4. mál.

Erindi Allsherjarnefndar var tekið fyrir á fundi stjórnar Sýslumannafélagsins þann 3. nóvember sl. og var ákveðið að Þórir Oddsson vararíkislögreglustjóri sendi inn umsögn af hálfu félagsins en hann var jafnframt að vinna að umsögn um frumvarpið fyrir hönd ríkislögreglustjóraembættisins. Hér að neðan er umsögn hans um frumvarpið.

#### **Umsögn um frumvarp til laga um réttarfarsdómstól, þskj. 4 - 4. mál, 123. löggj.þ.**

Eins og frumvarpið ber með sér er ekki bryddað upp á nýmælum varðandi efnisatriði sem lúta að skilyrðum varðandi endurupptöku. Hér er lögð til sú leið sem farin hefur verið í Danmörku sbr. 1. gr. a dönsku réttarfarslaganna, en þar var komið á fót sérstökum dómstól "den særlige klageret". Þótt taka megj undir ýmislegt af því er segir í greinargerð með frumvarpinu þar sem vikið er að því fyrirkomulagi sem nú gildir og varðar það sérstaklega að Hæstiréttur þurfi ekki að fella úrskurð í eigin málum, þykir ekki rétt að það atriði eitt leiði til þess að komið verði á fót sérdómstól. Gildandi löggjöf sýnist veita þeim sem æskir endurupptöku jafnmikið færi á að koma slíku erindi fram eins og væri ef frumvarpið yrði að lögum. Munurinn væri sá að um beiðnina fjölluðu aðrir menn en þó samt einn sem sæti ætti í Hæstarétti. Vísast er að einhverjum þætti sú skipan mála ekki tryggja fullkomna hlutlægni og má t.d. benda á það að í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir því að í réttarfarsdómstólnum eigi sæti tveir aðrir menn, þ.e. starfandi lögmaður svo og háskólakennari í lögfræði eða lögfræðingur með sérstaka vísindalega menntun líkt og er í Danmörku.

Þegar haft er í huga hversu fátíðar beiðnir um endurupptöku eru hér á landi sýnist ekki brýn þörf á að koma á fót slíkum dómstól og lagt er til í frumvarpinu heldur sé rétt að slík breyting verði þá skoðuð samhliða annarri endurskoðun á réttarfarslögum sem standa mun fyrir dyrum hjá réttarfarsnefnd.

Eðlilegt verður að teljast að endurupptaka máls sé aðeins heimiluð þegar sérstaklega stendur á, þ.e. að endurupptaka sé í raun öryggisventill, en með þessu er þó ekki verið að halda því fram, að frumvarpið breyti þeim skilyrðum er nú gilda. Hins vegar þykir verða að áréttu að verði heimildir rýmkaðar er sú hætta fyrir hendi að endurupptökuleiðin fari að verka eins og þriðja dómsstig. Til fróðleiks má geta þess að árið 1990 fjallaði (realitetsbehandlede) danski dómstóllinn um 51 beiðni um endurupptöku. Tvær þeirra voru samþykktar.

F.h. RLS

Beðist er afsökunar á því hversu umsögn berst seint frá félaginu en skilafrestur var til 13. nóvember sl. en þess ber að geta að stjórnarfundir félagsins eru að jafnaði á mánaðarfresti.

F.h. Sýslumannafélags Íslands,



Ólafur Þ. Hauksson ritari.

Akranes 29. 11. 1998.

Nefndarsvið Alþingis,  
B.t. Áslaugar Árnadóttur,  
Þórshamri v/Templanarasund,  
150 Reykjavík.

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 123/331*  
*komudagur 27.11.98*

Með bréfi dags. 23. október sl. sendi Allsherjarnefnd Alþingis Sýslumannafélagi Íslands til umsagnar frumvarp til laga um réttarfarsdómstól, 4. mál.

Erindi Allsherjarnefndar var tekið fyrir á fundi stjórnar Sýslumannafélagsins þann 3. nóvember sl. og var ákveðið að Þórir Oddsson vararíkislögreglustjóri sendi inn umsögn af hálfu félagsins en hann var jafnframt að vinna að umsögn um frumvarpið fyrir hönd ríkislögreglustjóraembættisins. Hér að neðan er umsögn hans um frumvarpið.

#### **Umsögn um frumvarp til laga um réttarfarsdómstól, þskj. 4 - 4. mál, 123. löggj.þ.**

Eins og frumvarpið ber með sér er ekki bryddað upp á nýmælum varðandi efnisatriði sem lúta að skilyrðum varðandi endurupptöku. Hér er lögð til sú leið sem farin hefur verið í Danmörku sbr. 1. gr. a dönsku réttarfarslaganna, en þar var komið á fót sérstökum dómstól "den særlige klageret". Þótt taka megi undir ýmislegt af því er segir í greinargerð með frumvarpinu þar sem vikið er að því fyrirkomulagi sem nú gildir og varðar það sérstaklega að Hæstiréttur þurfi ekki að fella úrskurð í eigin málum, þykir ekki rétt að það atriði eitt leiði til þess að komið verði á fót sérdómstól. Gildandi löggjöf sýnist veita þeim sem æskir endurupptöku jafnmikið færi á að koma slíku erindi fram eins og væri ef frumvarpið yrði að lögum. Munurinn væri sá að um beiðnina fjölluðu aðrir menn en þó samt einn sem sæti ætti í Hæstarétti. Vísast er að einhverjum þætti sú skipan mála ekki tryggja fullkomna hlutlægni og má t.d. benda á það að í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir því að í réttarfarsdómstólnum eigi sæti tveir aðrir menn, þ.e. starfandi lögmaður svo og háskólakennari í lögfræði eða lögfræðingur með sérstaka vísindalega menntun líkt og er í Danmörku.


Þegar haft er í huga hversu fátíðar beiðnir um endurupptöku eru hér á landi sýnist ekki brýn þörf á að koma á fót slíkum dómstól og lagt er til í frumvarpinu heldur sé rétt að slík breyting verði þá skoðuð samhliða annarri endurskoðun á réttarfarslögum sem standa mun fyrir dyrum hjá réttarfarsnefnd.

Eðlilegt verður að teljast að endurupptaka máls sé aðeins heimilud þegar sérstaklega stendur á, þ.e. að endurupptaka sé í raun öryggisventill, en með þessu er þó ekki verið að halda því fram, að frumvarpið breyti þeim skilyrðum er nú gilda. Hins vegar þykir verða að áréttu að verði heimildir rýmkaðar er sú hættu fyrir hendi að endurupptökuleiðin fari að verka eins og þriðja dómsstig. Til fróðleiks má geta þess að árið 1990 fjallaði (realitetsbehandlede) danski dómstóllinn um 51 beiðni um endurupptöku. Tvær þeirra voru samþykktar.

F.h. RLS

Beðist er afsökunar á því hversu umsögn berst seint frá félaginu en skilafrestur var til 13. nóvember sl. en þess ber að geta að stjórnarfundir félagsins eru að jafnaði á mánaðarfresti.

F.h. Sýslumannafélags Íslands,



Ólafur P. Hauksson ritari.